

**Nd.**

**1009. Nefndarálit**

[478. mál]

um frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Nefndin leggur áherslu á að ákvæði 1. tl. 1. gr., að tónlistarskóli hafi a. m. k. einn fastan kennara, auk stundakennara, beri að skilja rúmt, ekki síst út um land, þar sem erfitt getur orðið tímabundið að fá stundakennara til tónlistarkennslu. Þykir nefndinni einsýnt að slík tilvik megi og eigi ekki að draga úr fjárhagslegum stuðningi ríkissjóðs við tónlistarskóla, svo fremi að öðrum skilyrðum 1. mgr. sé fullnægt.

Alþingi, 22. maí 1985.

Halldór Blöndal,  
form., frsm.

Jón Baldvin Hannibalsson,  
fundaskr.

Ólafur P. Þórðarson.

Ólafur G. Einarsson.

Guðmundur H. Garðarsson.

Hjörleifur Guttormsson.

Kristín S. Kvaran.